

SJÓVÁ

Sími: 436 1617 & 893 5445
Netfang: kristjanah@sjova.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

658. tbl - 14. árg.

24. júlí 2014



Landsbankinn

Snæfellsnesi
www.landsbankinn.is

Ólafsbraut 21, Snæfellsbæ
Sími: 410 4190
Netfang: 0190@landsbankinn.is

Útisvæði sundlaugar í notkun

Endurbætur á sundlauginni í Ólafsvík hófust í ágúst 2013, byrjað var á að taka svæðið í kringum sundlauginna í gegn og hefur tekist afskaplega vel til, innisvæðið er allt orðið bjartara og virkar rýmra heldur en áður. Veggurinn sem snýr út að fótboltavellinum var nánast allur fjarlægður og í stað hans er kominn glerveggur sem hleypir birtu inn að sundlauginni, einnig var settur gluggi á austurhlið hússins sem gerir það að verkum að rýmið virðist mun stærra en það er í raun.

Skipt hefur verið um alla glugga í húsinu og það klætt á tveimur hliðum, allt lagna- og síukerfi sundlaugarinnar var endurnýjað og er vatnið í lauginni hitað með varmadælu en það kemur til með að spara miklar fjárhæðir í kyndingar-kostnaði.

Innisvæðinu var lokað um tíma á meðan mestu breytingarnar áttu sér stað en var opnað aftur eftir endurbætur í maí á þessu ári.

Frágangur á útisvæði ganga vel, búið er að leggja gúmmiefni á göngusvæði og iðnaðarmenn eru þessa dagana að flísaleggja potta og vaðlaug, fyrsti potturinn var tekinn í notkun í þriðju-



dag og þegar ljósmyndara bar að garði voru þau Stefán Jóhann Sigurðsson og Guðrún Tryggvadóttir að prófa hann.

Þegar búið er að flísaleggja og setja niður leiktæki er fyrsta áfanga lokið, áætlanir gera ráð fyrir að framkvæmdum á útisvæðinu ljúki í haust.

Ekki hefur verið ákveðið hvenær hafist verður handa við annan áfanga verksins en þá verður m.a. farið í að endurnýja búningsklefa og starfsmanna-aðstöðu, aðalinngangur verður færður á norðurhlið hússins og um leið verður aðgengi fyrir

fatlaða bætt til muna.

Aðstaða til sundiðkunar mun breytast mikið þegar þessum framkvæmdum er lokið og ljóst að sóldýrkendur fá þarna

flotta aðstöðu, við verðum bara að vona að sólin verði meira áberandi í framtíðinni heldur en í sumar.

jó



**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is



VILTU KENNA ÍÞRÓTTIR ?

Ungmennafélagið Víkingur / Reynir óskar eftir að ráða áhugasaman hjálfara til starfa. Ef þú hefur reynslu af íþróttum eða sérstakri íþróttagrein og hefur áhuga á að kenna endilega hafðu samband við okkur.



KÖRFUBOLTI

BLAK

FIMLEIKAR

JÚDÓ

FRJÁLSAR
ÍÞRÓTTIR

HANDBOLTI

KARATE

DANS

HAFDU SAMBAND !

Laufey Helga Árnadóttir
s. 847-0830
laufeyhelga@simnet.is

Rán Kristinsdóttir
s. 864-4236
snyrtstofanran@simnet.is

Jafntefli og sigrar

KA heimsótti strákana í mfl. Víkings á laugardaginn og úr varð einn skemmtilegasti leikur sumarsins og líklega sá besti hjá liðinu, hér heima. Liðin könnuðu styrkleika hvors annars fyrsta hálf tímann, en á 34 mínútu braust Eyþór af harðfylgi fram hjá varnarmanni upp við endalínu og gaf fyrir markið þar sem Kemal stýrði boltanum í markið. Sérstaklega vel gert hjá þeim félögum, 1-0 og þannig var staðan í hálfleik. Á 72 mínútu riðlaðist vörnin hjá okkar liði og gestirnir jöfnuðu 1-1. Þremur mínútum síðar saumaði Steinar að leikmanni KA og náði af honum boltanum rétt fyrir utan teig KA, braust í gegn og skoraði 2-1, fínt framtak. Alltof fáir áhorfendur voru farnir að bóka sigur heimamanna, en því miður brást aftastalínan aftur, gestirnir unnu boltann og náðu að jafna í uppbótartíma. Lokastaðan 2-2. Næsti heimaleikur er miðvikudaginn 30. Á móti ÍA og er fólk beðið um að halda sig

á svæðinu og mæta á völlinn og hvetja strákanna. Svokallaður 6 stiga leikur.

Stelpurnar tóku á móti Bí/Bolungarvík á föstudaginn hér heima. Í stuttu máli má lýsa leiknum þannig að stórsókn þeirra frá upphafi til enda, í 90 mínútur, bar ekki árangur því leiknum lauk með jafntefli 0-0. Yfirburðir okkar stelpna voru miklir, hver stórsóknin á fætur annari, en því miður, inn vildi boltinn ekki. Jeannette átti náðugan dag í markinu því gestirnir áttu varla skipulagða sókn fram yfir miðju.

Á þriðjudaginn héldu okkar stúlkur í viking til Keflavíkur og mættu neðsta liði deildarinnar. Leiknum lauk með sigri Víkings sem skoruðu þrjú mörk gegn engu. Stelpurnar eru hafa núna leikið fjóra leiki í röð án taps (þrjár sigrar og eitt jafntefli) og eru komnar með 17 stig, sem er mjög góð frammistaða. Hlé verður núna hjá stelpunum, en næsti leikur er á Akureyri gegn Hömrnum 9. ágúst.

óhs

Strand við Grundarfjörð



Kristina EA-410 strandaði á skeri um 7 sjómílar norður af Grundarfirði á föstudag í síðustu viku. Kristina er stærsta skip íslenska fiskiskipaflotans, mesta lengd skipsins er 105 metrar, það er 20 metra breitt og 4.280 brúttórúmlestir, því var ljóst að ekki væri sjálfgefið að skipið mundi losna auðveldlega.

Leki kom að skipinu en dætur sem komið var með úr landi höfðu undan að dæla.

Ekki kom til þess að kalla þyrfti stór skip á svæði til að draga Kristínu af strandstað því að með smá hjálp frá björgunarskipinu Björg tóks að ná skipinu af strandstað með eigin vélaraffli.

Kristínu var síðan siglt til hafnar í Grundarfirði þar sem landað var úr skipinu og gerðar voru bráðabirgðaviðgerðir á botni skipsins.

Samvinna viðbragðsaðila og ýmissa fiskiskipa og báta af svæðinu tókst vel en meðal aðila sem tóku þátt í verk-efninu var Lögreglan á Snæfellsnesi, Slökkviliðin í Snæfellsbæ og Grundarfirði, Björgunarsveitirnar Lífsbjörg, Klakkur og Berserkir, Landhelgisgæslan og fjölmargir bátar og skip af svæðinu.

Myndina tók Guðmundur Njáll Þórðarson.

jó

Sumarfrí

Prentsmiðjan verður lokuð
28. júlí - 8. ágúst vegna sumarleyfa

Bæjarblaðið Jökull kemur
ekki út þessar vikur.

Þeir sem þurfa aðstoð eða upplýsingar
vegna trygginga er bent á
síma 440 2392



436 1617 - steinprent@simnet.is - steinprent.is



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.

Sandholt 22a, Ólafsvík

355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Týnd gleraugu

Ég týndi gleraugunum mínum á göngu, heiman frá mér í Engihlíð 6 og niður á bryggju hjá fiskv.Bylgju.

Ef þú lesandi góður finnur þau,
þá hringdu í S:8691249 eða 4361249

Ester



FISKIDJAN BYLGJA HF

Alltaf í sambandi!

Það er Síminn



Hér í suðurhlíðum Purkhóls fáum við helst tvær spurningar frá ferðamönnum sem heimsækja Vatnshelli. Báðar þessar spurningar tengjast helstu grunnþörfum nútímamannsins. -Hvar kemst ég á klósett? -Hvar kemst ég í netsamband? Önnur þessara grunnþarfa liggur í augum uppi og verður ekki til umræðu í þessari grein, þó eflaust sé víða mikil þörf á betri aðstöðu í þeim málum. Hin grunnþörfin er svo til nýkomin. Mjög stór hluti samskipta ferðamanna við ferðaþjónustu hér innanlands byggist á vefpóstum ásamt bókunarsíðum á netinu. Jafnvel er svo komið að ýmsar upplýsingar og ferðaþjónusta er einungis hægt að fá með því að vera nettengdur. Til dæmis má nefna allar bókunarsíður hótela og gististaða, afþreyingu sem krefst bókanna á netinu, upplýsingar um öryggi, færð og veður á landinu, þ.á.m. vefsíður og smáforrit á borð við 112 appið, vegagerdin.is, safetravel.is og vedur.is.

Upplýsingar þurfa að berast hratt og örugglega til ferðalanga sem eru svo til allir mjög tæknivæddir, með snjallsímana og tölvur sínar klárar til að fylgjast með breytingum á bókunum sínum, veðri og færð vegna. Það væri svo sem mjög einfalt á flestum stöðum á landinu, þó ekki á einu helsta aðdráttarafli vesturlands, þ.e. Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Frá Beruvík, suður eftir og austur frá Arnarstapa er lítið sem ekkert 3G samband hjá símfyrirtækjum og jafnvel alls ekkert GSM samband (2G) á fjölförnum stöðum og vegköflum við Hóláhóla og Djúpalónssand.

Ég spyr mig stundum hverjar áherslur Fjarskiptasjóðs og símafyrirtækjanna hafi verið síðustu ár. Það er svo sem mjög þæginlegt að rölja um Elliðaárdalinn, setjast niður á bekk, niðurhala og horfa á eina bíómynd eða tvær á Sunnudagsmorgni enda fer 4G væðingu höfuðborgarsvæðisins að ljúka hjá flestum símfyrirtækjum. Snæfellsbær hefur beitt sér fyrir og pressað á að koma þessum málum í lag, m.a. hér í Þjóðgarðinum en ekki hefur það gengið enn. Sjálfur hef ég eytt klukkutímum í samtölum við starfsfólk Símans um úrlausnir og hvort eitthvað standi til í uppbyggingu. Sambandsleysi þetta hefur hamlað okkar uppbyggingu töluvert, svo ég tali nú ekki um hversu leiðinlegt það er að missa viðskiptavinum af símalínunni sem eru á leiðinni til okkar. Ferðamennirnir halda áfram að kvarta undan sambandsleysi, bæði vegna símasambands og 3G og veit ég til þess að þetta hefur ollið þeim vandræðum vegna breytinga í veðri og færð, bókunum í afþreyingu og gististaða.

Síminn hefur sagt mér að minnsta kosti tvisvar sinnum að þeir hafi ekki hug á frekari uppbyggingu á 3G hér á svæðinu að svo stöddu og segja að 2G „eigi að duga“. Annars benda þeir mér á að best sé að koma þessu á framfæri með öðrum hætti en símtölum og tölvupóstum. Ætli það sé ekki ástæðan fyrir grein sem þessari?

Ég tel að pressan þurfi að koma frá samfélaginu öllu, Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, Snæfellsbæ, ferðaþjónustuaðilum og þeim sem telja þetta sjálfsgöða þjónustu við íbúa og ferðamenn þessa fjölfarna svæðis. Hafi einhverjir áhuga á að kynna sér þetta frekar og halda áfram að vinna í þessum málum með okkur, endilega sendið mér e-mail á vatnshellir@vatnshellir.is. (Milli kl. 10 og 18 er einnig hægt að senda 5G bréfdúfu á skrifstofu okkar við Vatnshelli)

Ægir Þór Þórssón
Vatnshelli

HEILBRIGÐISSTOFNUN
VESTURLANDS
GRUNÐARFIRÐI

ATH!

Vegna breytinga verður endurnýjun lyfja, hjá HVE Grundarfirði, eftirleiðis milli **11:00 og 12:00** alla virka daga í síma **432-1358**.

Einnig er hægt að endurnýja föst lyf á vefsíðu HVE undir „lyfjaendurnýjun“

Best er að endurnýja lyf tímanlega, við bendum á að afgreiðsla lyfja getur tekið allt að 2 daga.

Með bestu kveðju,
HVE Grundarfirði

Lolla og Steini í Frystiklefanum

Það hefur verið margt um góða gesti í Frystiklefanum í sumar. Næstkomandi föstudag, 25. júlí, munu Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Þorsteinn Guðmundsson tvímenna í Frystiklefanum og slá upp fjölbreyttu skemmtikvöldi með bingóívaði. Ólafía Hrönn hefur sópað að sér verðlaunum og viðurkenningum fyrir leiklist, söng og dans. Þorsteinn Guðmundsson kann fleiri brandara en hún.

Margur kann að spyrja sig hvernig hægt er að koma jafnmörgum dagskrárliðum og auglýstir eru á einu kvöldi. Ólafía útskýrir: „Við höfum verið að ferðast með þessa sýningu um landið og fólk hefur ótrúlega gaman af þessu. Þarna er blandað saman uppstandi, leikþáttum, upplestri, tónlist, gríni og glensi. Skellt verður



í bingó inn á milli, þegar fólk kaupir sig inn fær það bingóspjald í kaupbæti og á þar með möguleika á vinningi.“

Á viðburðinn kostar 2500 kr. og hefst klukkan átta að kvöldi en miða er hægt að panta á nýuppfærðri heimasíðu Frystiklefans: www.frystiklefinn.is.

Nýtt á sölu

Ólafsvík



Ílbúðin á efri hæðinni að Sandholti 30 er til sölu. Ílbúðin er sem er 135,5fm og skiptist stigangang, forstofu með parketi, fjögur svefnherbergi með plastparketi, rúmgóða stofu með parketi, eldhús og þvottahús með flisum á gólfum og geymslu. Baðherbergið er með dúk á gólf og baðkari. Einnig er ný flíslagður sturtubotn og flísar eru á veggjum. Ílbúðin sem er rúmgöð lítur mjög vel út. Úr íbúðinni er mjög gott útsýni og húsið er á góðum stað. Við húsið er bílskúr 29,6fm. Nýtt járn er á þakinu.

Ásett verð kr. 15,2 millj.

Sjá upplýsingar um eignir í Snæfellsbæ á valholl.is undir söluskrá

Nánari upplýsingar gefur Pétur í síma 893 4718

VALHÖLL
FASTEIGNASALA

Ingólfur G. Gissurarson, löggtitur fasteignasali,
Síðumúli 27, 108 Reykjavík, sími: 588 4477



Grundarfjarðarbær

SUMARNÁMSKEIÐ

Við minnum á sumarnámskeiðin sem eru í gangi þessar vikurnar. Framundan er mjög spennandi smíðjur þar sem sköpunargleði fær lausan tauminn.

Sumarnámskeiðin eru fyrir elsta árgang leikskólans og yngri árganga grunnskólans.

Ólöf Rut Halldórsdóttir hefur umsjón með námskeiðunum þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Skráningareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu bæjarins og á bæjarskrifstofunni.



PICTA/ISTOCK/IA - 111708



ÞÚ FÆRÐ MEIRA Í STOFNI

- Afsláttur af tryggingum
- Stofn endurgreiðsla
- Vegaaðstoð án endurgjalds
- Afsláttur af barnabílstólum
- Ókeypis bílaleigubíll í 7 daga vegna kaskótjóns
- Frí flutningstrygging innanlands
- Enginn iðgjaldsauki ef þú lendir í tjóni
- Nágrannavarsla
- ... og margt fleira

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ

STOFN

Prentsmiðjan Steinprent í Ólafsvík er umboðsaðili Sjóvá fyrir Snæfellsbæ og Grundarfjörð. Hafðu samband í síma 436 1617.